

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



Endurskoðunaráætlun

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Morgunverðarfundur FIE 23.2.2011



REYKJAVÍKURBORG

Yfirlit

- Endurskoðunaráætlun skv. IPPF stöðlum
- Þróun verklags
- Aðferðafræði við val verkefna
- Framsetning endurskoðunaráætlunar
- Endurskoðunaráætlun sem verkfæri við stjórnun verkefna Innri endurskoðunar.



Endurskoðunaráætlun skv. IPPF

2000 – Stjórnun innri endurskoðunar

Yfirmaður innri endurskoðunar verður að hafa góða stjórn á innri endurskoðunarverkefnum til þess að tryggja það að slík vinna skili skipulagsheildinni virðisauka.

2010 – Áætlanagerð

Yfirmaður innri endurskoðunar verður að gera áhættugrunndaða áætlun til þess að geta forgangsraðað verkefnum innri endurskoðunar til samræmis við meginmarkmið skipulagsheildarinnar.

Túlkun: Yfirmaður innri endurskoðunar er ábyrgur fyrir gerð áhættumiðaðrar endurskoðunaráætlun. Hann tekur tillit til uppbyggingar áhættustjórnunar, þ.m.t. notkun áhættumælikvarða í mismunandi einingum skipulagsheildarinnar. Sé notkun slíkra mælikvarða ófullnægjandi eða ekki til staðar ber yfirmanni innri endurskoðunar að meta áhættu sjálfur í samráði við æðstu stjórnendur og stjórn.

Endurskoðunaráætlun skv. IPPF

2010.A1 Endurskoðunaráætlun skal byggð á skjöluðu áhættumati sem er framkvæmt a.m.k. árlega. Taka verður mið af innleggi æðstu stjórnenda og stjórnar í þessu ferli.

2010.C1 Komi fram óskir um slíkt ætti yfirmaður innri endurskoðunar að taka til skoðunar að takast á hendur ráðgefandi úttektir sem ætlað er er að bæta áhættustjórnun, vera virðisaukandi eða bæta rekstrarferla. Slíkar úttektir verða að koma fram í endurskoðunaráætlun.

2020 – Samskipti og samþykki

Yfirmaður innri endurskoðunar verður að upplýsa stjórnendur um endurskoðunaráætlunina, hvaða verulegu breytingar eru á henni milli tímabila og þörf fyrir auðlindir þ.m.t. Þá þarf stjórn að fá áætlunina til yfirferðar og samþykktar. Yfirmaður innri endurskoðunar verður einnig koma á framfæri áhrifum þess ef takmarkanir eru settar á mannafla og fé sem varið er í að framkvæma verkefnaáætlun innri endurskoðunar.

Endurskoðunaráætlun skv. IPPF

- **2040 – Stefnur og verklagsreglur**
 - Yfirmaður innri endurskoðunar verður að útbúa stefnur og verklagsreglur sem eiga að vera þeim sem vinna við innri endurskoðun til leiðbeiningar.
- **Túlkun:**
 - Form og innihald stefna og verklagsreglna er háð stærð og uppbyggingu innri endurskoðunardeildar og hversu flókin viðfangsefnin eru.
- Í [handbók IE](#) er að finna á heimasíðu www.reykjavik.is er leitast við að stilla upp verklagsreglum og verkferlum. Þar er einnig að finna þær stefnur sem lagðar hafa verið fyrir borgarráð til samþykktar.

Endurskoðunaráætlun skv. IPPF

- **2050 – Samhæfing við vinnu annarra**
 - Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að deila upplýsingum og samhæfa störf sín við aðra innri eða ytri aðila sem staðfesta upplýsingar fyrirtækisins eða eru því til ráðgjafar, í þeim tilgangi að tryggja viðeigandi yfirferð og lágmarka tvíverknað.
- **2060 – Skýrslugjöf til stjórnenda og stjórnar fyrirtækisins**
 - Yfirmaður innri endurskoðunar verður að gefa skýrslu til stjórnenda og stjórnar fyrirtækisins með reglulegu millibili um tilgang innri endurskoðunar, heimildir, ábyrgð og framgang verkefnaáætlunar innri endurskoðunarinnar.
 - Í skýrslugjöfinni verður einnig að koma fram þau áhættusvið í rekstrinum og eftirlitsþættir sem huga þarf að þ.m.t. misferlisáhætta, atriði er varðar stjórnarhætti fyrirtækisins og önnur þau atriði sem stjórnendur og stjórn fyrirtækisins hafa þörf fyrir eða hafa beðið innri endurskoðunina að kanna.



Endurskoðunaráætlun skv. IPPF

- **2200 – Engagement Planning (Úttektaráætlun)**
 - Innri endurskoðendur verða að gera og skjalfesta áætlun fyrir hverja úttekt. Í því felst að greina frá markmiðum úttektar, umfangi, tímavörðum auk áætlunar um mannaflapörf og annan kostnað við úttektina.
- **2201 – Atriði sem hafa þarf í huga við gerð úttektaráætlunar**
 - Markmið þeirrar starfsemi sem gera á úttekt á og hvernig starfsemin hefur eftirlit með frammistöðu sinni;
 - Verulega áhættuþættir sem tengjast starfsemi sem til skoðunar er, markmið hennar, auðlindir og rekstri og hvernig mögulegum áhrifum áhættuþátta er haldið innan ásættanlegra marka;
 - Hversu fullnægjandi og markvirk (effective) er áhættustjórnun og eftirlitsaðgerðir starfseminnar í samanburði í viðeigandi eftirlitsaðgerða fyrirmynd eða líkan.
 - Tækifærin sem eru til staðar til þess að ná fram verulegum umbótum í áhættustjórnun eða eftirlitsaðgerðum viðkomandi starfsemi.

ÚTTEKTARÁÆTLUN

Úttekt: IE10110001 – Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja

Starfsemi Innri endurskoðunar grundvallast á starfsreglum sem samþykktar voru af borgarráði 6. september 2007. Í starfsreglunum er m.a. kveðið á um eftirfarandi:

„Í störfum sínum skal Innri endurskoðun eiga aðgang að gögnum fyrirtækja/stofnana borgarinnar og þeirri aðstöðu sem þörf krefur.“

Deildin tekur mið af stöðlum alþjóðasamtaka um innri endurskoðun¹; *Standards for the Professional Practice of Internal Auditing*. Einnig er unnið samkvæmt siðareglum samtakanna, *Code of Ethics*.

Tilfni, markmið og umfang úttektar

Tilfni: Innri endurskoðun vinnur endurskoðunaráætlun árlega samhlíða starfs- og fjárhagsáætlunargerð. Val og forgangsörðun verkefna í endurskoðunaráætlun byggist á mati innri endurskoðanda á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverri úttekt fyrir sig. Í endurskoðunaráætlun 2010 er gert ráð fyrir úttekt á meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja og áætlaður tímarammi u.þ.b. 20 dagar eða 160 klst.

Misferlisáhætta – viðskipta lánardrottna.

Markmið: Að ganga úr skugga um að kaup á vöru eða þjónustu af tengdum aðilum séu byggð á málefnalegum forsendum og séu hvorki í reynd né ásýnd til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika viðskiptanna. Að kanna hvort fylgt sé lögum og reglugerð um innherjaupplýsingar varðandi skil upplýsinga til kauphallar og borgarráðs. Leitast við að byggja upp sjálfvirkni í eftirliti með viðskiptum tengdra aðila s.s. með skýrslugjöf úr fjárhagsbókhaldi.

Umfang: Farið verður yfir verklag regluvarðar borgarinnar við skil á upplýsingum til Kauphallar og skýrslugjöf til borgarráðs. Verkefnið afmarkast við skoðun á viðskiptum innherja við tengda aðila innan A og B hluta Reykjavíkurborgar. Byggt verður á upplýsingum regluvarðar um innherja eftir því sem mögulegt er.

Atriðið til skoðunar verða en takmarkast ekki við:

1. Samþykkt borgarráðs um innherjaviðskipti og siðareglur.
2. Fylgni við lög um tilkynningarskyldu.
3. Viðskipti lánardrottna sem tengjast lykilstjórnendum.
4. Listi regluvarðar sem afhentur er Kauphöll.

Aðferðafræði:

Gagnaöflun innan kerfa Reykjavíkurborgar, GoPro og Agresso, og annars staðar eftir því sem við á. Viðtöl verða tekin m.a. við regluvörð borgarinnar, formann borgarráðs og aðra eftir því sem leiðir af málsatvikum og þurfa þykir bæði innan borgarkerfis og utan.

Úttektaraðilar

Úttektarteymi IE ²	
Tengiliðir	Regluvörður
Ábyrgðaraðili	Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

¹ The Institute of Internal Auditors.

² Ef tilfni þykir varðandi einstök efnisatriði getur verið kallað eftir mati eða álitsgerð þar til bærra þriðju aðila.

Dæmi

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

Dæmi

Tímaáætlun

Mánuðir	Verktími	Umsjón	nóvember						desember				janúar				feb	
Vikur - númer á árinu			44	45	46	47	48	49	50	51	52	1	2	3	4	5	6	
Undirbúningur																		
Forskoðun - gagnaöflun	5 klst	HG	■															
Undirbúningsfundir	4 klst	HS, HG																
Uppfæra úttektarblað og áætlun	4 klst	HS, HG	■	■														
Vinnsla																		
Opnunarfundur með regluverði	4 klst	HS, HG		■														
Frekari gagnaöflun	50 klst	HG, HS		■	■	■	■	■	■	■								
Vinnuskjalagerð	15 klst	HG																
Vinnsla við greinargerð	10 klst	HG, HS, EEV																
Frágangur vinnuskjala og rýni	11 klst	HS, HG																
Skil - vinnslulok																		
Yfirlestur innri endurskoðanda	8 klst	HS																
Yfirlestur regluvarðar og form. Borgarráðs	0 klst																	
Lokafrágangur - greinargerð gefin út	8 klst	HS, HG, EEV																
Borgarráð	2 klst	HS																

■ Framvinda úttektar ■ Frávik

Úttekt yfirfarin og samþykkt af innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar:

Hallur Símonarson, dags.



Aðferðafræði / Verklag

- Í starfsreglum Innri endurskoðunar er kveðið á um að innri endurskoðandi skuli leggja starfsáætlun deildarinnar fyrir borgarráð og að hún skuli einkum byggjast á mati á áhættuþáttum í starfsemi borgarinnar.
- Í leikreglum Reykjavíkurborgar með fjárhagsáætlun er kveðið á um að Innri endurskoðun leggi heildarmat á eftirlitsumhverfi borgarinnar.
 - Reynslan hefur verið sú að í þeirri vinnu verður til mikið efni sem nýtist í endurskoðunaráætlun næsta árs.
- Sú aðferðafræði sem beitt hefur verið hjá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar er að leitast við að fá öll verkefni á borðið. Hefur verið kallað að teikna upp svokallaðan „audit universe“
- Það hefur verið gert með því að:
 - Funda með stjórnendum og kjörnum fulltrúum.
 - Taka viðtöl við ytri endurskoðendur og skoðunarmenn
 - Framkvæma spurningakannanir meðal stjórnenda og borgarfulltrúa.
 - Fara yfir niðurstöður og ábendingar úr eldri úttektum Innri endurskoðunar og úttektum ytri aðila.

Forgangsröðun verkefna


- Mismunandi „risk model“ eru til
 - Flest byggja þó á því að vege saman áhrif og líkur.
- Innri endurskoðun Reykjavíkur
 - Notar 5 skala áhættumat sem byggir á að vege saman virðisauka og áhættu.

Vægi áhættu og stigagjöf

		1	2	3	4	5
		Lítlar		Mið Líkur		Miklar
Áhrif	Mikil 5	5	10	15	20	25
	4	4	8	12	16	20
	Mið 3	3	6	9	12	15
	2	2	4	6	8	10
	Lítil 1	1	2	3	4	5



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



Afgangshætta ætti að vera \leq
áhættuvilji



REYKJAVÍKURBORG



Endurskoðunaráætlun IE 2011-2012

Dæmi

Svið / skrifstofa	Verkefni	Helstu atriði til skoðunar	Verklok
Sérverkefni / miðlæg verkefni			
Mat á eftirlitsumhverfi	Meta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með áherslu á úrbætur á vinnuferlum og breytingar sem til framfara horfa.		2011
Ferðakostnaður	Könnun á virkni verklagsreglna um ferðaheimildir.		2011
Misferlisathuganir	Fara yfir ábendingar. Greina áhættuþætti er varða möguleg misferli.		2011
Eftirfylgniúttektir	Fylgt eftir úttektum fyrri ára.		-
Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja við tengda aðila	Farið yfir viðskipti lánardrottna sem tengjast lykilstjórnendum hjá Reykjavíkurborg.		2010
Misferlismöguleikar / vöktun mögulegra svikareikninga	Greining misferlismöguleika í tengslum við útgáfu og meðhöndlun reikninga. Gera úttekt á viðskiptum birgja.		2011
Ráðhús			
Borgarlögmaður	Áhættumat og innra eftirlit	Áhættumat m.t.t. styrkingar miðlægra verkferla og eftirlits með þeim. Aðgreining starfa og verklag skoðað sérstaklega.	2012
Skrifstofa borgarstjórnar	Innra eftirlit gagnvart málsmeðferð erinda sem beint er til borgarráðs	Kanna hvernig mál berast inn. Hvernig þau eru undirbúin og meðhöndluð. Kanna eftirlit með eftirfylgni með afgreiðslum borgarráðs.	2011
Upplýsingatæknimiðstöð	Innri leiga búnaðar og innri gjaldskrár	Yfirfara forsendur gjaldskrár.	2011
Upplýsingatæknimiðstöð	Áhættumat tölvukerfa	Úttekt á fyrirkomulagi innra eftirlits hjá UTM gagnvart upplýsingakerfum m.a. m.t.t. öryggis gagna, aðgreiningar starfa og aðgengismála.	2011
Þjónustuskrifstofa	Skjalastjórnun. Verklag við skráningu og vörslu upplýsinga.	Skoða fyrirkomulag og kortleggja notkun gæðakerfis. Sannreyna verklag og skoða útfærslu á innsetningu gagna.	2011
Mannauðsskrifstofa	Innra eftirlit	Afstemming á biðlykli launa. Fara yfir verklag.	2011





- Takk fyrir

